

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um ávinning sjálfvirknivæðingar og gervigreindar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur farið fram vinna í ráðuneytinu til að tryggja að eðlilegur hluti þess ávinnings sem verður af fyrirséðu hagræði vegna gervigreindar annars vegar og sjálfvirknivæðingar hins vegar skili sér til almennings? Ef svo er ekki, stendur það til?

Sú stefna¹ sem stjórnvöld hafa markað varðandi hagnýtingu gervigreindar felur í sér að ávinningur sem verður af hagræði vegna gervigreindar og sjálfvirknivæðingar skili sér til almennings. Í því sambandi má einnig benda á markmið í leiðbeiningum² sem Stjórnarráðið gaf nýlega út fyrir opinbera aðila sem nýta eða hyggjast nýta gervigreind í starfsemi sinni til að bæta opinbera þjónustu og skilvirkni. Í leiðbeiningunum er áhersla lögð á að slíkar tækni-nýjungar séu nýttar til að bæta opinbera þjónustu og skilvirkni en jafnframt að öryggis og tilhlýðilegrar ábyrgðar sé gætt. Þá er einnig vert að nefna að undirbúningur er hafinn við gerð tæknilegra viðmiða og uppsetningu gagnaskipulags hjá ríkisaðilum. Það mun hafa í för með sér frekari tækifæri til hagnýtingar gervigreindar í starfsemi hins opinbera.

Samskipti fjármála- og efnahagsráðuneytisins við almenning eru að mestu bundin við upplýsingagjöf. Af einstökum verkefnum ráðuneytisins má nefna verkefni sem miða að því að nýta sérhæfðan hugbúnað til að sjálfvirknivæða innri vinnuferla í stjórnsýslunni. Markmiðið er að staðla ferlana, auka afgreiðsluhraða þeirra og fækka handtökum, m.a. til að meiri tími gefist til afgreiðslu flóknari mála. Þá er fyrirhugað tilraunaverkefni, sérhæft gervigreindar-spjallmenni, sem hefur fengið vinnuheitið „Spurðu fjárlagafrumvarpið“. Markmiðið er að kanna hvort slíkt spjallmenni myndi bæta upplýsingagjöf fyrir innra starf stjórnvalda en líka til almennings. Slíkt tilraunaverkefni kynni að geta orðið fyrirmynd að upplýsingamiðlun á öðrum sviðum.

1 <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettaengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Stefna%20c%3d%20um%20gervigreind>
2 <https://www.stjornarradid.is/verkefni/upplysingataeknimal-rikisins/gervigreind-hja-hinu-opinbera/>